

Fagráð í garðyrkju Verklagsreglur

1. gr.

Í fagráði sitja fimm fulltrúar. Þrír skulu tilnefndir af Sambandi garðyrkjubænda (SG) en Bændasamtök Íslands (BÍ) skipa tvo, þar af skal annar þeirra vera starfandi ábyrgðarmaður / ráðunautur viðkomandi búgreinar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Hinn skal vera félagsmaður í BÍ og starfandi bóndi. Í samningi milli BÍ og SG má kveða um að fjöldi skipaðra fulltrúa verði með öðrum hætti.

2. gr.

Hver aðili ber kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í fagráði. SG greiðir fulltrúum sínum þóknun í samræmi við samþykkt aðalfundar SG hverju sinni. Akstur er greiddur í samræmi við taxa ferðakostnaðarnefndar Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á hverjum tíma.

3. gr.

Fagráði er heimilt að kalla eftir álit sérfróðra aðila vegna starfa sinna eða einstaka erinda sem ráðinu berast. Viðkomandi aðilar sem kallaðir eru til hafa þá málfrelsi og tillögurétt varðandi viðkomandi erindi en ekki atkvæðisrétt.

4. gr.

Fagráð skal sjálft skipta með sér verkum, tilnefna formann og ritara, og skal það tilkynna BÍ og SG um verkaskiptingu eigi síðar en tveimur (2) vikum eftir að slík breyting á sér stað.

5. gr.

Fagráð skulu halda fundi a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Þeir skulu boðaðir með sannarlegum hætti með a.m.k. viku fyrirvara.

6. gr.

Ritari fagráðs ritar fundargerðir og varðveitir þær. Staðfestar fundargerðir fagráðs skulu sendar BÍ og SG eigi síðar en fjórum (4) vikum eftir fund.

7. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu þróunarfjár í garðyrkju, auglýsir eftir umsóknum og annast greiðslu framlaga og samskipti við styrkþega. Umsóknir um framlög skal senda til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té.

Fagráð skal veita umsögn um allar umsóknir sem berast til Framleiðnisjóðs um styrki til þróunarverkefna í garðyrkju. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggur ekki fyrir. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar. Fagráði er einnig heimilt að leggja fram rökstudda umsókn um framlag til ákveðinna verkefna.

Markmið með framlögum og úthlutun þróunarfjár skal vera eftirfarandi:

1. Að stuðla að aukinni þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þverfaglegu samstarfi í garðyrkju.
2. Að stuðla að markvissum rannsóknnum og tilraunum sem styrkt geta stöðu íslenskrar garðyrkju og einstaka hluta hennar til lengri og/eða skemmri tíma.
3. Að stuðla að aukinni vöruþróun, nýsköpun og virðisaukningu afurða á sviði íslenskrar garðyrkju.

4. Að stuðla að markvissri kynningu á íslenskri framleiðslu sem nýtist við kynningu á vöruflokkum eða garðyrkjunni í heild.

8. gr.

Telji fulltrúar í fagráði sig vanhæfa til að fjalla um umsókn sem borist hefur er fagráði heimilt að vísa viðkomandi umsókn til stjórnar Framleiðnisjóðs án umsagnar.

9. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum tvisvar á ári og skal fyrri umsóknarfrestur vera 1. apríl og síðari umsóknarfrestur vera 1. október. Miðað skal við að um 50% þeirrar upphæðar sem til úthlutunar er, komi til úthlutunar í hvort sinn.

Fagráði er heimilt að synja um framlög og styrki telji Fagráðið að viðkomandi umsókn falli ekki undir styrkhæft verkefni eða samrýmist ekki þeim markmiðum sem úthlutun þróunarfjár felur í sér. Fagráði er einnig heimilt að kalla eftir þeim viðbótargögnum og upplýsingum frá umsækjendum sem þurfa þykir til að mat á umsókninni geti farið fram með vönduðum hætti.

10. gr.

Allar umsóknir um framlög skulu berast fyrirfram. Óheimilt er að styrkja verkefni / verkþætti sem þegar hafa verið unnin.

Framleiðnisjóði er heimilt að greiða 50% af samþykktu framlagi þegar verkefni hefst. Eftirstöðvar 50% greiðast þegar styrkhafi hefur lokið verkefninu, skilað lokaskýrslu og hún hlotið samþykki Fagráðs. Framleiðnisjóði er heimilt að krefjast endurgreiðslu framlags, gangi verkefnið ekki fram í samræmi við áætlanir.

11. gr.

Ekki eru veittir styrkir til kaupa á búnaði eða fastafjármunum. Eigið framlag umsækjenda skal nema að lágmarki 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

Fagráði er heimilt að kalla eftir ársreikningum umsækjenda, staðfestingu samstarfsaðila eða öðrum þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að leggja vandað mat á umsóknir og forgangsraða þeim.

Framlag umsækjenda má vera vinnuframlag og skal að hámarki miða andvirði hvernar vinnustundar við byrjunartaxta í 10. launaflokki í samningi Starfsgreinasambands Íslands við BÍ. Heimilt er að bæta 25% ofan á þann taxta til að mæta launatengdum gjöldum. Einnig er heimilt að bæta 25% ofan á grunntaxta til að standa straum af kostnaði við starfsaðstöðu, s.s. síma, tölvu, skrifstofu o.þ.h.

Ekki er greitt fyrir aðra starfsaðstöðu nema um sérstakar aðstæður sé að ræða s.s. aðgang að sérhæfðum búnaði og þ.h.

Heimilt er að veita framlög til að mæta ferðakostnaði í verkefnum og skal þá að hámarki miðað við útgefinn taxta ferðakostnaðarnefndar hverju sinni.

Heimilt er að veita framlög til að mæta stjórnunarkostnaði, sé hann sannarlega fyrir hendi. Sá kostnaður má þó aldrei vera nema hámark 7% af heildarlaunakostnaði við verkefnið.

12. gr.

Heimilt er að veita framlög til ráðgjafar og endurmenntunarverkefna í garðyrkju. Þau verkefni geta m.a. falist í náms- og kynnisferðum garðyrkjubænda og erlendri sérfræðiráðgjöf. RML hefur umsjón með erlendri sérfræðiráðgjöf og skal hún skipulögð í samráði við SG. Leggja þarf fram áætlun fyrir lok hvers árs vegna komu erlendra sérfræðinga árið eftir.

Með áætluninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Tilgangur hvernar heimsóknar og nafn sérfræðings.
2. Tímasetning heimsókna.
3. Kostnaðaráætlun.

Heimilt er að leggja fram endurskoðaða áætlun vegna frávika sem upp kunna að koma. Fagráð skal þá meta hverju sinni hvort fjármunir eru eftir til úthlutunar..

Heimilt er að veita framlög vegna launakostnaðar og útlagðs kostnaðar erlendra sérfræðinga og ráðunauta RML. Einnig er heimilt að veita framlag vegna undirbúnings og umsýslu vegna heimsókna.

Heimilt er að innheimta gjald af þeim garðyrkjubændum sem fá heimsóknir og þjónustu frá erlendum sérfræðingum og sérfræðingum RML í samræmi við gjaldskrá RML.

13. gr.

Heimilt er að styrkja garðyrkjubændur til náms- og kynnisferða um allt að kr. 75.000 á ári og falla slík verkefni undir endurmenntunarverkefni. Heimilt er að greiða tvö framlög á kennitölu hvernar garðyrkjustöðvar á ári og samtals getur heildarupphæð því numið að hámarki 150.000 kr. á hverja garðyrkjustöð. Ætlast er til að náms- og kynnisferðir séu skipulagðar af faghópum og/eða ráðunautum.

Heimilt er að veita framlög til að greiða ferðakostnað ráðunautar og/eða framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda samkvæmt framlögðum reikningum.

Með umsókn fylgi eftirfarandi upplýsingar:

1. Markmið ferðarinnar.
2. Hvaða bændur fara.
3. Hvers má vænta sem árangurs ferðarinnar.
4. Dagskrá ferðarinnar.

Greiðsla er háð því að skilað sé skýrslu um ferðina sem samþykkt er af Fagráði, aðeins skal skila einni skýrslu um hverja ferð.

14. gr.

Heimilt er að veita framlög til kynningarverkefna í garðyrkju. Nauðsynlegt er að um afmörkuð kynningarverkefni sé að ræða, sem hafi upphaf og endi en flokkist ekki sem hluti af hefðbundnum rekstri eða árstíðarbundnum auglýsingum. Framlög eru ekki veitt til beinnar auglýsingar eða heimasíðugerðar fyrir einstaka aðila. Skilyrði fyrir framlagi til auglýsinga og kynningarstarfs er að kynningin / auglýsingin sé í nafni íslenskrar framleiðslu, nýtist heilum vörflokk eða íslenskri garðyrkju í heild.

Með umsókn um framlag til kynningarverkefnis skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Upplýsingar um framkvæmd kynningar. Hvar á að kynna/auglýsa, hvenær og hvernig.
2. Hver markhópur kynningar er.
3. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.
4. Niðurstöður. Innan þriggja mánaða frá því að kynning/auglýsingaáttak fór fram skal skýrslu skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þar sem fjallað er um hverju kynningin skilaði fyrir umsækjanda og/eða íslenska framleiðslu.

15. gr.

Heimilt er að veita framlög vegna rannsókna og/eða tilrauna. Einungis eru veitt framlög til rannsókna eða tilrauna sem nýtast íslenskri framleiðslu. Með umsókn um framlag til rannsókna eða tilrauna skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsing á núverandi starfsemi umsækjanda.
2. Upplýsingar um hver tilgangur rannsóknarinnar/tilraunarinnar er, hver þörfin er.
3. Verkáætlun, þ.m.t. upplýsingar um starfsmenn og tímasetningar.
4. Upplýsingar um hvar, hvenær og hvernig niðurstöður rannsóknarinnar/tilraunarinnar munu verða kynntar og/eða birtar.
5. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.

Ef nauðsynlegt er að fram fari úttekt í lok verkefnisins skal tilrauna- eða rannsóknaraðili tilnefna úttektaraðila sem Fagráð samþykkir. Að verkefni loknu skal hann votta að verkefnið hafi farið fram samkvæmt áætlun.

16. gr.

Heimilt er að veita framlög vegna vöruþróunarverkefna í garðyrkju.

Framlög eru veitt umsækjendum til að þróa vörur. Bæði þróun á nýjum vörum og áframhaldandi þróun er styrkhæf. Varan þarf að vera nýjung (hafa nýsköpunargildi) á þeim markaði sem fyrir er, stækka núverandi markað eða leiða til nýrra notkunarmöguleika á vöru sem þegar er fyrir. Með umsókn um framlag til vöruþróunarverkefna skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsing á núverandi starfsemi umsækjanda.
2. Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
2. Upplýsingar um hvaða vöru á að þróa og hvernig verkefnið geti skilað ávinningi fyrir íslenska garðyrkju í heild eða hluta
3. Skilgreining á því hver þörf markaðarins er fyrir vöruna. Hvað er búið að gera til að athuga þörfina.
4. Upplýsingar um markhóp vörunnar.
5. Verkáætlun, þ.m.t. upplýsingar um hvenær er áætlað að vöruþróun hefjist. Setja þarf upp viðmið sem tilgreini við hvaða áfanga verkefnisins á að endurmeta þróunarvinnuna.
6. Kostnaðaráætlun, þ.m.t. sundurliðun á eigin framlagi umsækjanda.

17. gr.

Miðað er við að styrkveitingar til einstaka verkefnaflokka skiptist svo sem hér segir:

Ráðgjafarverkefni og endurmenntunarverkefni, að hámarki 50%

Kynningarverkefni, að hámarki 20%

Rannsóknir, tilraunir og vöruþróunarverkefni, að hámarki 30%

Fagráði er heimilt að færa milli flokka ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Styrkveitingar til verkefna falla niður ef verkefni er ekki hafið innan 12 mánaða frá því að umsókn var samþykkt. Einnig er heimilt að fella niður styrkveitingu takist umsækjanda ekki að vinna verkefnið í samræmi við umsókn eða skili ekki lokaskýrslu innan sex (6) mánaða frá því að verkefni lauk.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til ráðstöfunar framlaga á næsta ári eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega fyrir lok úthlutunarárs.

Samþykkt af Fagráði í garðyrkju í janúar 2017

Staðfest af stjórn Bændasamtaka Íslands: /

Staðfest af stjórn Sambands garðyrkjubænda: /